

Lög Hvarfs

Félags efnafræði og efnaverkræðinema við Háskóla Íslands

1. Skilgreining félags og hlutverk þess
 - i. Félagið heitir Hvarf og hefur aðsetur að Smyrilsvegi 22. Tilgangur þess er að gæta hagsmuna efnafræði- og efnaverkræðinema og stöðga tengi þeirra á milli.
2. Þátttaka í félaginu
 - i. Þátttaka er opin þeim nemendum sem skráðir eru í efnafræði eða efnaverkræði.
 - ii. Þeir einir eru félagar sem greiða félagsgjöld. Nemendur utan þessa náms eiga þó möguleika á að skrá sig líka.
3. Stjórn félags og aðrir fulltrúar
 - i. Stjórnina skipa formaður félagsins, ritari, gjaldkeri, vísindaráð og fyrsta árs fulltrúi. Starfstími stjórnar er milli aðalfunda.
 - ii. Formaður boðar til stjórnar- og félagsfunda og hefur yfirumsjón með skipulagningu atburða félagsins. Í atkvæðagreiðslum skal hann fylgja eigin sannfæringu en þó hlýta samþykktum félagsfunda.
 - iii. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins og ákveður félagsgjald í samráði við aðra stjórnarmeðlimi. Skal fráfarandi gjaldkeri skila fjárreiðum í lok stjórnartímabils til nýkjörins gjaldkera. Í atkvæðagreiðslum skal hann fylgja eigin sannfæringu en þó hlýta samþykktum félagsfunda.
 - iv. Ritari skrifar fundargerðir stjórnar og félagsfunda. Hann ber ábyrgð á öllu sem skriflega berst félaginu og fer frá því. Ritari hefur yfirumsjón með vefsíðu félagsins, sem og félagsmiðlum þess. Í atkvæðagreiðslum skal hann fylgja eigin sannfæringu en þó hlýta samþykktum félagsfunda.
 - v. Fyrsta árs fulltrúi skal vera tengiliður stjórnar við nema á fyrsta ári. Í atkvæðagreiðslum skal hann fylgja eigin sannfæringu en þó hlýta samþykktum félagsfunda.
 - vi. Vísindaferðaráð skipa tveir aðilar. Þeir skulu skipuleggja vísindaferðir á vegum félagsins í samráði við stjórn.
 - vii. Ljósmyndarar
 - a. Ljósmyndarar skulu taka ljósmyndir á viðburðum á vegum félagsins og birta þær á félagsmiðlum þess eða heimasíðu.
 - b. Stjórn velur varaljósmyndara félagsins og lýtur við það til framboða á aðalfundi en er þó ekki bundin þeim.
 - viii. Hagsmunafulltrúar
 - a. Hvarf deilir einu sæti á deildarráðsfundi Raunvísindadeildar með nemendafélaginu Stigli ásamt því að hafa eitt sæti á námsbrautarfundum hjá efnafræði.
 - b. Deildarráðsfulltrúinn er annað hvert ár frá Hvarfi og hitt árið frá Stigli
 - c. Allir stjórnarmeðlimir teljast til hagsmunafulltrúa og skulu skipta með sér sætum á fundina í lið a.

- d. Uppfylli stjórnarmeðlimir ekki sætin í lið a. skulu hagsmunafulltrúar sem uppá vantar vera skipaðir af stjórn félagsins.
- ix. Ef 1/5 hluti félagsmanna lýsir vantrausti á stjórn eða einn eða fleiri stjórnarmenn skal boða til aukaaðalfundar innan viku og greiða atkvæði um vantraustið. Sé það samþykkt skal kosin ný stjórn eða stjórnarmaður/menn.
- x. Stjórn Hvarfs er undanskilin félagsgjöldum.
- xi. Ljósmyndari Hvarfs skal fá frítt í vísindaferðir á vegum félagsins. Stjórn er heimilt að undanskilja stakar vísindaferðir þessu, enda séu aðstæður frábrugðar þeim sem talist geta hefðbundnar vísindaferðir (t.d vísindaferðir úti á landi eða ferðir sem bera af öðrum ástæðum óvenjulega mikinn kostnað).
- xii. Stjórn skal velja innan sinna raða fulltrúa Hvarfs í NáttVerk. Hann skal tala fyrir hönd félagsins á sameiginlegum vettvangi allra nemendafélaga sviðsins og koma að tilnefningum á fulltrúum nemenda í nefndir sviðsins.

4. Aðalfundur

- i. Aðalfundur skal haldinn í apríl ár hvert.
- ii. Á aðalfundi skal kosið, ef hægt, í eftirfarandi embætti: formann, gjaldkera, ritara, tvo fulltrúa í vísindaráð, ljósmyndara og varaljósmyndara
- iii. Aðalfundur skal auglýsa með minnst tveggja vikna fyrirvara. Framboðum og lagabreytingartillögum skal skilað til stjórnar minnst tveimur sólarhringum fyrir fundinn og skulu upplýsingar um framboð vera öllum félagsmönnum opin. Stjórn skal gera grein fyrir framboðum jafnóðum og þau berast.
- iv. Til að aðalfundur teljist gildur þurfa 2/5 hlutar félagsmanna að vera viðstaddir
- v. Kosningafyrirkomulagi á aðalfundi skal þannig háttað að greitt er eitt atkvæði þeim einstaklingi sem er í framboði til viðkomandi stöðu hverju sinni (formaður, gjaldkeri, ritari o.s.frv.). Þ.e. séu tveir í framboði er einungis hægt að kjósa annan þeirra. Séu fleiri en einn frambjóðandi í sömu stöðu með jafnmörg atkvæði að atkvæðatalningu lokinni skal ráða hlutkesti.
- vi. Kosningin skal vera leynileg
- vii. Ef einn eða færri eru í framboði fyrir tiltekið embætti, má taka við framboðum í það embætti á aðalfundi.
- viii. Kjörgengir eru allir nemendur sem skilgreindir voru í 2. grein og eiga minnst eitt ár eftir af námi. Kosningarétt á aðalfundi hafa allir skuldlausir félagar Hvarfs, óháð námsframvindu.
- ix. Ef aðeins einn er í framboði til embættis þurfa 2/3 mættra félagsmanna að styðja hann til þess að hann teljist kjörinn.
- x. Ársreikningur skal lagður fram á aðalfundi félags til samþykktar.

5. Stjórnar- og félagsfundir

- i. Ekki skal líða meira en mánuður milli stjórnarfunda
- ii. Stjórnarfundir félagsins eru opnir öllum meðlimum þess og skal tímasetning þeirra vera aðgengileg öllum félagsmönnum.
- iii. Haldinn skal félagsfundur í september hvers haustmisseris. Á honum skal kjósa fyrsta árs fulltrúar stjórnar ásamt öðrum embættum sem uppá vantar.
- iv. Kosningar í embætti á félagsfundi skulu fara fram með sama hætti og á aðalfundi (sjá gr. 4)
- v. Félagsfundur er löglegur ef til hans er boðað með minnst þriggja daga fyrirvara og 2/5 hlutar félagsmanna sitja hann.
- vi. Óski 1/5 hluti félagsmanna eftir félagsfundi skal boða til hans innan tveggja vikna.

6. Breyting á lögum

- i. Lagabreytingar skulu vera gerðar á aðalfundi eða almennum félagsfundi.
- ii. Til þess að ný lög teljist samþykkt þarf 2/3 hluta atkvæða.

7. Slit félagsins

- i. Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi en til þess þarf a.m.k. 4/5 mættra félaga að fallast á breytinguna. Sé félaginu slitið skulu eignir þess fengnar Verkfræði- og náttúruvísindasviði til varðveislu, þar til nemendur námsbrauta efnafræði og/eða efnaverkræði stofna annað félag, sem ótvírætt telst arftaki hins fyrra félags, og fær það þá eignirnar. Klofni félagið skal eignum þess skipt í hlutfalli við fjölda nemenda sem skráðir eru innan námsbrautanna.

Samþykkt á aðalfundi 12. apríl 2024

Sigrún E. Eyrjólfsdóttir

Daniel Heiðar Jack

Þorinn A. Hermann Baldvínsson

Júlíus Árn Óttarsson